

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1997

Nr. 610

1384

4. nóvember 1997

AUGLÝSING

um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfluglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. nóvember 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 611

3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

1. gr.

Önnur málsgrein 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5½ þumlunga riðli á eftirgreindum svæðum:

- a. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi. Fyrir Vesturlandi markast svæðið af 65°10'N.
- b. Á sunnanverðum Vestfjörðum innan línu sem dregin er frá Blakksnesi í Fjallaskagavita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. nóvember 1997. Jafnframt er felld úr

gildi reglugerð nr. 343, 5. júní 1997, um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.